

1860.
24. sept. Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut á að máli, biður hún yður að útvega og senda hingað skýrslur þær, sem að ofan er á vikið.

26. sept. 52. Opið bréf, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28 marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðdaptan, mega hér eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða¹.

26. sept. 53. Opið bréf, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í um-

1) Frumvarp til lagaboðs þessa var lagt fyrir alþingi 1859, og féllst þingið á það óbreytt. sjá Alþ. t. 1859, 364. og 365. bls. og viðbæti A, 3.—6. bls.

dæmi Reykjavíkur bæjar, og sem eigi hefir hingað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6 til 16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum.

1860.
26. sept.

2. gr.

Á allar þær lóðir, sem liggja á svæði því, sem ákveðið var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, og eigi verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. gr., hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal, þar sem sérstakir samningar af hálfu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, eptir sama mælikvarða, sem farið er eptir um skatt af kaupstaðarhúsunum, þó svo, að gjald það, sem árlega er lagt á hverja ferhyrnda alin af flatarmáli lóða þeirra, sem um er rætt í þessari grein, sé jafnt sjöttungi af skatti þeim, sem það ár er lagður á hverja ferhyrnda alin í sjálfum kaupstaðarhúsunum.

3. gr.

Gjöld þessi, er renna í Reykjavíkur bæjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermánaðar 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi séu rituð á hina árlegu niðurfjöfnunarskrá, um það hvenær þau skuli greidd, og hvernig þau verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð.

4. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. janúarmánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér þegnlega að hegða.

1860.
26. sept.

Árið 1859 var lagt fyrir alþingi frumvarp til opins bréfs um að leggja skatt á tómtús og óbyggðar lódir í Reykjavík; er frumvarp þetta með ástæðum prentað í Alþingistíðindum fyrir það ár, viðbæti A, 23.—28. bls. Málefni þetta var rætt á þinginu á löglegan hátt, og það síðan alþingi um í þegnlegu álitsskjali til konungs, að frumvarpið fengi lagagildi, þó skyldi því breytt þannig, að 1. og 2. grein þess væru þannig orðaðar:

1. gr.

»Á hvert tómtús með lóð þeirri, sem því fylgir, í umdæmi Reykjavíkur bæjar, og sem eigi hefir hingað til verið góldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6—16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum”.

2. gr.

»Á allar þær lódir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr., á lóð þeirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, þar sem sérstakir samningar af hálfu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð $\frac{1}{4}$ af húsaskatti þeim, sem það ár er lagt á kaupstaðarhúsin samkvæmt 19. gr. í tilskipun 27. dag nóvembermánaðar 1846”.

Þegar greinir þessar, eins og alþingi hefir stungið upp á þeim, eru bornar saman við frumvarp stjórnarinnar, þá sèst, að það einkum er í tveim atriðum, sem alþingi fer fram á, að breytt sè frumvarpinu, en það er í fyrsta lagi um það, hvernig leggja skuli skatt á tómtúsin og í öðru lagi um það, af hverju beri að svara hinum nýja skatti.

Um fyrra atriðið var ákveðið í frumvarpinu, samkvæmt tillögum bæjarstjórnarinnar, að á öll tómtús í umdæmi Reykjavíkur bæjar, ásamt hjöllum eður öðrum útihúsum, er þeim fylgja, skal á ári hverju jafna niður hússtæðisskatti, eptir sama

mælikvarða og hingaðtil hefir verið fylgt viðvíkjandi lóðargjaldi af kaupstaðarhúsum, samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr.; en jafnvel þó skattur þessi, svo sem skýrt er frá í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að öllum jafnaði hafi ekki verið hærrí en einn skildingur af hverri ferhyrndri alin, þótti þinginu þó ísjárvert að fallast á þessa ákvörðun, er því þótti það ekki allskostar eðlilegt, að leggja sama gjald á tómtúsin eptir flatarmáli hússtæðisins, og á timburhúsin og múrhúsin, eður hin eiginlegu kaupstaðarhús, með því bæði væru torfbæir tómtúsmanna miklu minna virði í sjálfu sér, og líka væru þeir undirorpnir miklu meiri hrörnun en þau, og það svo mjög, að þeir á fáum árum gengju svo úr sér, að lítil eign væri orðin í þeim. Þótti því þinginu vera ástæða til, að flatarmálsskattur af tómtúsum í Reykjavík væri ákveðinn töluvert lægri en af kaupstaðarhúsunum, og að réttast mundi að leggja gjaldið á þau eptir sömu reglum og á sér stað annarstaðar hér á landi í því efni þannig, að eigendurnir gyldu víst og tiltekið árgjald eptir alla lóð þá, sem þeir hefðu, í einu lagi, án þess gjörður væri greinarmunur á sjálfum tómtúsunum (1. gr.) og lóð þeirri er þeim heyrir til (2. gr.); þótti þinginu hæfilegt, eptir því sem ástatt er í Reykjavík, að gjald þetta væri að upphæð 11—12 álnir að meðaltali, en með því lóð sú, sem tómtúsunum fylgdi, væri fjarskalega misjöfn bæði að stærð og gæðum, þar sem þvínær engin lóð fylgdi sumum þeirra, en sumum aptur mikil, virtist réttast að bæjarstjórninni væri falið að ákveða skattinn af hverju einstöku tómtúsi eptir ástæðum, þannig, að 6 álnir að eins væru goldnar af hinum minnstu, en 16 álnir af hinum stærstu.

Um hið annað atriðið, sem lýtur að því, á hvað ætti að leggja skattinn, þá var það ákveðið í 2. gr. frumvarpsins, að hann skyldi auk tómtúsanna hvíla á öllum óbyggðum lóðum í umdæmi bæjarins undantekningarlaust; þó skyldi flatarmálsskatturinn af lóðunum vera sjöttungur af gjaldi því, er eptir 1. gr. ætti að jafna á tómtúsin, og var regla þessi enn takmörkuð með tilliti til lóða þeirra, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina. Á þessu hefir uppástunga alþingis gjört tölu-

1860.
26. sept.

1860.
26. sept.

verða breytingu; því auk þess, að það leiðir beint af uppástungu þingsins um það, hvernig leggja skuli skatt á tómthúsin, að skilja verður undan skattgjaldinu eptir 2. gr. allar óbyggðar lóðir í umdæmi bæjarins, sem fylgja einhverju tómthúsi, þá hefir þingið og stungið upp á því, að allar þær lóðir, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina, en þó í umdæmi bæjarins, verði undanþegnar öllu gjaldi eptir lögum þessum, og er það tekið fram sem ástæða fyrir þessu, að eptir því sem ástatt er í Reykjavík, sé öll ástæða til, að gjöra mönnum sem léttast fyrir með að yrkja slíka bletti, enda hafi eigendurnir haft ærnan kostnað við að yrkja þá.

Eptir þeim ástæðum, sem til eru greindar fyrir þessum uppástungum alþingis um breytingar á frumvarpinu, þóttu uppástungurnar þess verðar, að þær væru teknar til greina; það eina, sem þótti ísjárvert við þær, var það, að hætt er við, að ekki muni fást á þenna hátt svo mikið fè, sem búizt var við þegar frumvarpið var samið, til stofnunar og viðrhalds barnaskóla þess, sem í ráði er að koma á í Reykjavík; en með því af þessu leiðir að eins það, að meiru verður að jafna niður á bæjarmenn eptir efnum og ástandi, samkvæmt tilskipun 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., án þess að slík áлага þó þurfi að verða of þungbær fyrir gjaldendur, þá þótti eigi ástæða til að fella uppástungu alþingis fyrir þessa sök. Frumvarpi því, er borið hafði verið undir álit alþingis, var því breytt samkvæmt uppástungum þingsins, að fáeinum orðabreytingum undanskildum; bar síðan dómsmálastjórnin málið upp fyrir konungi, og voru þá gjörðar þessar athugasemdir við hinar einstöku greinir þess:

Við 1. gr.

Í þessari grein er samkvæmt uppástungu alþingis svo ákveðið, að gjaldinu skuli að eins svarað af þeim tómthúsum í umdæmi bæjarins, „sem eigi hefir hingaðtil verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda“; er ákvörðun þessi byggð á því, að þar eru nokkur tómthús, sem eru byggð á annara lóð, og goldið eptir árgjald, sem er nokkurskonar landskuld eður borgun fyrir að nota lóðina. Hefir alþingi álitnið, að þessir

1860.

26. sept.

tómthúsmenn, sem þannig eiga hús á annara lóð, eigi full erfitt með að borga eptir lóðina, og geti ekki risið undir nýjum álögum til bæjarins, með því og gjald það, er þeir eiga að greiða lóðareiganda, að öllum jafnaði sé miklum mun hærra en skattur sá, sem hér er um rætt.

Að vísu er það nú naumast samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem almennt er farið eptir um nýjar skattaálögur, að hafa tillit til þess, hvort lóðargjald til einstakra manna eða annað þvílíkt hvílir á eigninni; það leiðir og í þessu efni til þess, að þeir tómthúsmenn, er gjalda lóðargjald til lóðareiganda, sæta betri kjörum en þeir, sem hafa greitt kaupverð fyrir lóðina. En eigi að síður virtist það vera réttast að fara eptir uppástungu þingsins, sem það í einu hljóði féllst á; er þá í ákvörðun þessari nokkurskonar tilhliðrunarsemi með tilliti til þeirra tómthúsa, sem þegar er búið að byggja og lóðargjald hvílir á. Það hefði reyndar verið sjálfu sér samkvæmast, eptir ástæðu þeirri sem ákvörðun þessi er byggð á, að alþingi hefði stungið uppá, að þau tómthús, sem hér á eptir verða byggð með þeim skilmálum, að eptir þau skuli gjalda lóðartoll til lóðareiganda, skuli vera undanþegin bæjargjaldi því, er hér er um rætt; en með því alþingi ekki hefir farið fram á þetta, þótti dómsmálastjórninni því minni ástæða fyrir sig að gjöra þar að lútandi uppástungu, sem undantekning sú, sem hér er gjörð, naumast er samkvæm réttum grundvallarreglum um skattaálögur, eins og áður er á vikið, og virðist því ekki eiga að láta hana ná lengra en alþingi hefir stungið upp á; svo yrði það og til þess, að tekjur þær, sem gjört var ráð fyrir að mundu fást með þessu móti þá, er frumvarpið var samið, mundu rýrna enn meir, en þegar er orðið eptir uppástungu alþingis; þess ber og að geta, að sá sem byggir slík tómthús á annars manns lóð, eptir að lög þessi eru út komin, veit að hverju hann hefir að ganga, og verður að vera við búinn að gjalda bæjargjald það, sem ákveðið er í lögum þessum, og hefir því ástæðu til að íhuga, áður en hann byggir hús sitt, hvort hann muni geta risið undir gjöldum þessum.

1860.

26. sept.

Við 2. gr.

Byrjunin á uppástungu alþingis um þessa grein: „Á allar þær lóðir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr.” er óheppilega orðuð til að tákna það, sem til er ætlazt; en það eru þær lóðir, sem fylgja tómthúsunum, og eru undan skildar sérstöku gjaldi, sem lóðir, eptir 2. gr., með því gjaldið af þeim er fólgið í því gjaldi, sem er lagt á tómthúsin í 1. grein. Byrjun greinarinnar hefir því verið breytt þannig: „Á allar þær lóðir sem — — — — ekki verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. grein”, og er með því móti tekið fyrir allan efa um það, hvernig skilja eigi orð þessi. Í enda greinarinnar, sem var ónákvæmt orðaður í uppástungu alþingis, hefir og verið gjörð orðabreyting.

Við 3. gr.

Þessi grein er öldungis samhljóða 3. gr. í frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi.

Við 4. gr.

Samkvæmt uppástungu alþingis er það ákveðið, að lagaboð þetta fái lagagildi 1. dag janúarm. 1861.

Hans hátígn konungurinn veitti síðan mildilegast samþykki til þess, að frumvarpið, þannig breytt, skyldi koma út sem lög fyrir Ísland.

29. sept.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bjargarskort í Múla sýslum m. m.

Þér hafð, herra amtmáður, í bréfi 16. júlímánaðar er leið skýrt frá, að sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu hafi 3. dag sama mánaðar beðið um aðstoð yðar til að afstýra bjargarskorti, er óttast megi þar í sýslunni næstkomanda vetur, svo framarlega sem verzlunarhúsið Örum & Wulff ekki sendi þangað nú í haust töluverðan vöruforða; og með því bjargræðisvegirnir